

Framleiðendapjónusta SAM

HEIMSÓKNIR, SÍMTÖL OG AÐSTOÐ VIÐ ÚRLAUSN VANDAMÁLA

Þrjú ráðgjafar (mjólkureftirlitsmenn) starfa á vegum Framleiðendapjónustu SAM (FP), Kristján Gunnarsson sem sinnir aðallega svæðum MS Akureyri og MS Egilsstöðum, Gunnar Kjartansson sem sinnir aðallega svæði MS Selfossi og Hans Egilsson sem sinnir aðallega svæðum MS Reykjavík, MS Búðardal, MS Ísafirði og KS Sauðárkróki. Þeir fara þó inná hvers annars svæði eftir þörfum.

Eitt aðalverkefni ráðgjafa FP hefur verið að aðstoða mjólkurframleiðendur við hvers kyns gæðavandamál og skilja þá aldrei eftir með óleyst vandamál, annað hvort þjarga þeim málinu sjálfir eða útvega þá aðstoð eða annað sem vantar í það skiptið í samráði við viðkomandi mjólkurframleiðanda allt eftir eðli vandamálsins. Þeir starfa sem hluti af gæðakerfi mjólkursamlaganna og gæðakerfi viðkomandi mjólkurframleiðanda. Þannig eiga þeir með fyrirbyggjandi aðgerðum að koma í veg fyrir að upp komi vandamál með gæði mjólkur hjá framleiðanda, eða að öðrum kosti að aðstoða mjólkurframleiðandann við að vinna að lausn gæðavandamála eins fljótt og unnt er. Það verklag er viðhaft að fylgst er með gæðaniðurstöðum hvers mjólkurframleiðanda jafnóðum og þær liggja fyrir og ef tilefni er til er haft samband við viðkomandi mjólkurframleiðanda í síma og/eða farið í heimsókn til hans. Fleiri hundruð símtala eru gerð í hverjum mánuði vegna þessa. Það er undantekningarlaus regla að hafa ávallt samband ef um fall er að ræða. Auk þess hafa fjölmargir mjólkurframleiðendur samband í hverri viku. Þetta fyrirkomulag hefur reynst afar vel.

Þrátt fyrir að FP hafi ekki sinnt beinni neyðarþjónustu hafa ráðgjafar hennar verið mjólkurframleiðendum innan handar við að tryggja að þeir fengju slíka þjónustu þegar á hefur þurft að halda. Lögð hefur verið áhersla á að ná góðu samstarfi við þjónustuaðila vegna tækniráðgjafar um allan mjaltabúnað og mjólkurtanka, auk þess sem aukin áhersla hefur verið lögð á að veita þeim aðhald. Þjónusta FP er án endurgjalds en öll aðkoma annarra þjónustuaðila er á kostnað mjólkurframleiðanda. Starfsmenn FP kalla ekki til utanaðkomandi þjónustuaðila án samráðs við viðkomandi mjólkurframleiðanda.

Á árinu 2010 fóru ráðgjafarnir í alls 1.662 heimsóknir sem er um 10% fjölgun heimsókna milli ára. Um 25 % þeirra hafa verið sérstaklega vegna líftöluvandamála, 10% sérstaklega vegna frírra fitusýra og 7% sérstaklega vegna frumutölu. Afgangur heimsóknanna eða um 57% hefur verið vegna blandaðra erinda þar sem ýmist hefur verið um fleiri en einn gæðapátt að ræða, lyfjatilfelli, almennar úttektir á virkni þvotta og mjaltakerfa eða allmenn ráðgjöf sem nauðsynlegt hefur verið að veita heima á bæ.

ÁÆTLANIR Á ÁRINU 2011

Á árinu 2011 verður haldið áfram því góða starfi hjá FP sem verið hefur. Tekið verður sérstakt tillit til nýrra gæðakrafna sem gilda frá 1. febrúar 2010. Einnig verður sérstaklega lögð áhersla á þrjú atriði á árinu:

1. **Fríar fitusýrur.** Mikil áhersla verður áfram lögð á vandamál með fríar fitusýrur (ffs).
2. **Líftala.** Áfram verður lögð mikil áhersla á líftölu, sér í lagi verður áfram unnið að því að stuðla að fækkun svokallaðra "gerlaskota" sem hafa ágerst samfara aukinni tæknivæðingu en sú þróun er í samræmi við það sem hefur gerst í nágrannalöndum okkar.
3. **Lyfjamálefni.** Áfram verður lögð mikil áhersla á lyfjamálefni.